



ERINDISBRÉF

Starfshópur um undirbúning á rafrænum íbúakosningum

Ábyrgðaraðili:

Borgarritari

Hlutverk:

Starfshópurinn skal afla nauðsynlegra gagna við mat á kostnaði vegna rafrænna íbúakosninga í samræmi við bráðabirgðaákvæði sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, í kjölfar af breytingartillögu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 12. júní sl., við tillögu fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá 23. janúar sl.

Helstu verkefni:

- Kortlagning á kostnaðarliðum.
- Bráðabirgðamat vegna rafrænnar íbúakosningar, bæði hvað varðar framkvæmd og undirbúning kosninga.
- Undirbúningur hvað varðar kynningu á umræddum málefnum og leiðbeiningar um framkvæmd kosningar.
- Hvernig standa skuli að vali á því sem kjósa skal um og hvernig staðið skuli að kynningu á mismunandi sjónarmiðum.

Starfshópurinn skipa:

Helga Björk Laxdal (formaður), skrifstofa borgarstjórnar.

Unnur Margrét Arnardóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Hugrún Ösp Reynisdóttir, upplýsingatæknideild.

Starfsmaður:

Starfsmaður hópsins er Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, skrifstofa borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar eftir þörfum innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu eða reynslu á viðfangsefni starfshópsins, líkt og Þjóðskrá Íslands og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili stjórnkerfis- og lýðræðisráði vinnu sinni eigi síðar en 15. janúar 2018.

Reykjavík, 17.08.2017



Stefán Eiríksson